

Páskarnir eru svolítið sérstök hátíð, blanda af mikilli sorg og mikilli gleði. Sorgin felst í því að á föstudaginn langa var Jesús líflátinn á krossinum. En gleðin felst í því að á páskadag fannst hann ekki í gröf sinni og síðar birtist hann fjölda manns sem lifandi væri. Jesús var upprisinn, hann lifði þrátt fyrir að hafa dáið á krossinum. Ef Jesús hefði ekki risið upp frá dauðum væri engin kristni til á okkar dögum.

### Pálmasunnudagur

Vikan fyrir páska er kölluð dymbilvika eða kyrravika. Þessi vika hefst á pálmasunnudegi en þann dag fór Jesús til Jerúsalem. Áður en Jesús fór í þessa ferð vissi hann að hann yrði líflátinn. Í Bibliunni segir frá því að Jesús hafi verið búinn að segja lærisveinum sínum að í Jerúsalem yrði hann framseldur æðstu prestunum og fræðimönnum. Þeir myndu dæma hann til dauða, húðstrýkja og krossfesta. Hvers vegna fór þá Jesús í þessa ferð fyrst hann vissi að hverju stefndi?

Jesús reið til Jerúsalem á asna sem hann hafði fengið að láni. Fólkið fylgdi honum og hrópaði: „Hósanna syni Davíðs! Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins! Hósanna í hæstum hæðum.“ Margir lögðu klæði sín og pálmagreinar á veginn er Jesús kom inn í borgina.

Það er af þessum pálmagreinum sem pálmasunnudagur dregur nafn sitt. Mikið uppnám varð í Jerúsalem og fólkið vildi vita hver Jesús væri. Því var sagt að þetta væri spámaðurinn Jesús frá Nasaret. Ekki voru allir jafn hrifnir af Jesú. Æðstu prestarnir komu saman í höll Kaífasar og ákváðu að reyna að handtaka hann með svikum og lífláta.



### Skírdagur

Á skírdag var efnt til máltíðar sem við köllum síðustu kvöldmáltíðina. Þar borðaði Jesús með lærisveinum sínum. Á meðan á máltíðinni stóð sagði Jesús við lærisveina sína að einn þeirra myndi svíkja sig. Lærisveinarnir urðu mjög hryggir og sögðu einn af öðrum: „Ekki er það ég, herra?“ Sá sem sveik Jesú fyrir þrjátíu silfurpeninga hét Júdas. Jesús var síðan handtekinn og dæmdur til dauða.




### Föstudagurinn langi

Eftir að Jesús hafði verið dæmdur til dauða fóru hermenn með hann í höll landshöfðingjans og hópuðust í kringum hann. Þeir afklæddu hann og færðu hann í skarlatsrauða kápu. Þeir fléttuðu þyrnikórónu og settu á höfuð hans en reysprotta í hægri hönd hans. Síðan gerðu hermennirnir grín að Jesú og hræktu á hann. Þeir tóku reysprotann og slógu hann í höfuðið. Svo klæddu þeir hann úr kápunni og færðu hann aftur í hans eigin föt og fóru með hann til krossfestingar.

Farið var með Jesú til staðar sem ber nafnið Golgata eða Hauskúpuhæð. Golgata þýðir

nefnilega hauskúpa á hebresku. Þar var hann negldur á krossinn. Tveir ræningjar voru krossfestir með honum. Þeir sem gengu fram hjá hæddu Jesú og sögðu : „Svei, þú sem brýtur niður musterið og reisir það á þrem dögum! Bjarga nú sjálfum þér og stíg niður af krossinum.“ Á hádegi varð myrkur um allt land og á nóni kallaði Jesús: „Guð minn, guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“ Svo dó Jesús á krossinum. Sagt er frá því að þegar hann dó hafi fortjald mustersins rifnað í tvennt og hundraðshöfðinginn sem var rómverskur herforingi sagði: „Sannarlega var þessi maður sonur Guðs.“ Um kvöldið var Jesús lagður í gröf sem höggvin var í klett. Stórum steini var velt fyrir opið. Jesús hafði sagt að hann myndi rísa upp á þriðja degi eftir dauða sinn svo Pílatus féllst á að láta gæta grafarinnar vel vegna þess að æðstu prestarnir og farísearnir óttuðust að lærisveinar Jesú kæmu og stælu líkama hans af því að hann hefði sagt að hann myndi rísa upp á þriðja degi.



### Páskadagur

Í Markúsarguðspjalli 16. kafla segir frá því að María Magdalena og María móðir Jakobs keyptu ilmsmyrsl til að smyrja með líkama Jesú. Þær komu snemma dags að gröfinni. Konurnar sáu að búið var að velta steininum frá grafaropinu. Sagan segir að steinninn hafi verið mjög stór og þungur. Þær fóru inn í gröfina og hittu þar fyrir ungan mann sem klæddur var í hvíta skikkju. Konurnar urðu mjög hræddar. En ungi maðurinn sagði þeim að óttast ekki, Jesús væri ekki lengur í gröfinni því að hann hefði risið upp frá dauðum.




Ungi maðurinn, sem í öðrum guðspjöllum er lýst sem engli, bað konurnar að fara og segja lærisveinunum frá þessu. Í Biblíunni er sagt frá því er lærisveinarnir fóru til Galíleu og sáu Jesú. Jesús talaði við þá. Hann sagðist verða með þeim alla daga, allt til enda veraldar. Það er einmitt þetta sem gerir páskana að mestu hátíð kristinna manna. Jesús lifði þrátt fyrir að hafa verið tekinn af lífi á krossinum. Á grundvelli vonar uppreisunnar, um líf með Guði eftir dauðann, fyrir trú, varð kristin kirkja til og á þeim grunni hvílir hún enn þann dag í dag.



## Mesta hátíð kristinna manna – verkefni

Teiknaðu myndir við dagana og skrifaðu hvað gerðist hvern dag.

Pálmasunnudagur




---

---

---

---

Skírdagur



---

---

---

---

Föstudagurinn langi



---

---

---

---

Páskadagur



---

---

---

---